

Karlar í skúrum

Hugmyndafræði:

Karlar í skúrum er samfélagslegt verkefni sem er opið fyrir alla karlmenn og er ekki rekið í gróðaskyni. Skúrin veitir öruggt og vinalagt umhverfi þar sem karlmenn á öllum aldri geta unnið að sameiginlegum og/eða persónulegum verkefnum sem þeir ákveða sjálfir á sínum eigin hraða. Þar skiptast þeir á þekkingu og gefa til samfélagsins í leiðinni. Húsnæðið skiptir miklu máli og gefur það þeim ábyrgðar- og eignartilfinningu yfir verkefninu. Markmið verkefnisins er að skapa aðstæður þar sem heilsa og vellíðan karlmanna er í fyrirrúmi, þar sem þeir halda sér við líkamlega, andlega og félagslega. Hugmyndafræðin byggist á rannsóknum þar sem kemur fram að karlmönnum finnst best að tala saman þegar þeir eru að vinna með eitthvað í höndunum og þegar þeir standa saman öxl í öxl frekar en beint á móti hver öðrum. Aðaltakmark Karla í skúrum er að koma í veg fyrir félagslega einangrun og neikvæðar afleiðingar hennar, með því að skapa karlmönnum vettvang til að hittast á þeirra forsendum.

Á fjöggra ára fresti skilar Rauði krossinn á Íslandi af sér skýrslu um hvaða hópar í íslensku samfélagi eiga helst undir högg að sækja. Í skýrslunni sem kom út árið 2014 segir m.a.: „*aftur á móti mælast áhyggjur almennings af þeim sem eru félagslega illa staddir hinar sömu nú og 2010: öryrkjar, aldraðir og atvinnulausir.*“ Það er samhljómur sérfræðingahóps og úrtaks Félagsvísindastofnunar að: „*öryrkjar, einstæðir foreldrar, lífeyrislitlir eftirlaunaþegar og langtíma atvinnulausir hafi það bágast*“.

https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/hvar_threngir_ad_2014--1-.pdf

Þetta undirstrikar mikilvægi verkefnis eins og Karlar í skúrum en það er að þjóna hópi í okkar samfélagi sem þarf á stuðninga og athygli að halda. Einnig kemur það fram í þátttöku í starfi hjá Rauða krossinu að 75% af þeim sem koma að starfi Rauða krossins eru kvenmenn.

Upphafið og samstarf erlendis:

Karlar í skúrum er verkefni sem byrjaði fyrir tæplega tuttugu árum í Ástralíu, undir nafninu *Men in Sheds*, og hefur síðan þá náð fótfestu m.a. í Danmörku, Bandaríkjunum, Bretlandi, og Írlandi. Alls staðar hefur þetta verkefni gengið einstaklega vel enda virðist þörfin vera mikil. Í dag eru til dæmis um 450 „skúrar“ bara á Írlandi en Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ er í góðu sambandi við samtökin *Men's Sheds* á Írlandi. Tveir starfsmenn Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ fóru í heimsókn til *Men's Sheds* í Írlandi í nóvember 2017 til þess að skoða verkefnið, afla sér upplýsinga og koma á tengslum. Um mánaðarmótin febrúar/mars ætla bæði forstjóri og yfirmaður sjálfboðaliða hjá írsku samtökunum *Men's Sheds* að koma í heimsókn til Íslands til þess að fylgjast með opnum á fyrsta skúrnum á Íslandi. Þeir ætla einnig að miðla upplýsingum til þátttakenda í verkefninu Karlar í skúrum á Íslandi.

Almennt:

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ er ábyrgðaraðili Karla í skúrum hérlendis. Stefnan er sett á að stofna einn skúr í Hafnarfirði og einn í Garðabæ og að þeir verði tilbúnir fyrir apríl. Rauði krossinn mun hjálpa til við að finna húsnæði, aðstoða við sameiginlegar fjáraflanir, útbúa kynningarefni, sjá til þess að Karlar í skúrum sé áberandi í fjölmiðlum og útvega styrki fyrir verkefnið. Eins og áður hefur verið minnst á er Karlar í skúrum opið fyrir alla karlmenn og gefur karlmönnum stað og stund til að hittast og spjalla yfir kaffisopa. Í því húsnæði sem hver hópur/skúr hefur til umráða er yfirleitt gert ráð fyrir tveimur rýmum, það er kaffistofu og vinnurými. Húsnæðið getur í raun verið hvað sem er, það þarf helst að vera nógu stórt svo hægt sé að hafa bæði kaffistofu og vinnurými. Ef húsnæði þarfnast lagfæringar eða breytinga er það einfaldlega fyrsta verkefni karlanna að gera það upp á þann hátt sem þeir vilja. Karlar í skúrum er opið fyrir alla karlmenn en það er hámarksfjöldi eftir því hvernig húsnæði hver skúr

er með. Í hverjum skúr þarf að vera stjórn, þrír að lágmarki. Hver skúr útbýr sínar eigin reglur í samráði við Rauða krossinn, en ákveðnar grunnreglur verða til staðar, t.d. er bannað að útiloka fólk sökum húðlits, stjórnmalaskoðana, fötlunar eða þjóðernis og ekki er haft áfengi við hönd í skúrnum sjálfum.

Karlar í skúrum á Íslandi byrjaði opinberlega í desember 2017, en grunnvinnan hafði þó byrjað mun fyrr. Haldnir hafa verið fjórir fundir og fjölgar stöðugt í hópi karla sem mæta á fundi. Í dag eru um fimmtán karlmenn að mæta á fundi. Þeir karlmenn sem hafa verið að mæta á fundi eru vel menntaðir og eiga það sameiginlegt að vera komnir á eftirlaun eða við það að fara á eftirlaun. Við teljum miðað við reynslu annarra skúra að þegar verkefnið er lengra á veg komið, með húsnæði og orðið áþreifanlegra, munu enn fleiri bætast við. Nú þegar erum við komnir í viðræður við Mílu um húsnæði fyrir Garðabæjarskúrinn. Það var fyrir tilstilli og með aðstoð Garðabæjar að við fundum húsnæðið. Garðabær hefur nú þegar samþykkt að styrkja verkefnið. Rætt hefur verið við marga einkaaðila í Hafnarfirði og enn eru húsnæðismál þar á frumstigi.

Hörður Sturluson
Verkefnastjóri

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ